

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum.

Flm.: Guðmundur Steingrímsson.

1. gr.

Orðin „og leigja á heimavist eða á námsgörðum“ í 5. mgr 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 140. löggjafarþingi (þskj. 112, 112. mál) en náði ekki fram að ganga. Málið hlaut jákvæða efnislega umfjöllun hjá velferðarnefnd sem lagði til að það yrði samþykkt óbreytt (þskj. 1577).

Húsnæðisvandi námsmanna á framhalds- og háskólastigi er allverulegur um þessar mundir. Sérlega vantar stúdentagarða og horfur eru á að skortur verði á þeim enn um sinn. Fjölmargir námsmenn grípa því til þess ráðs að leigja íbúð á hinum almenna leigumarkaði. Oft er íbúðinni deilt með öðrum námsmönnum og það fyrirkomulag haft á að hver og einn hefur sitt herbergi en bað og eldhúsi er sameiginlegt.

Meginreglan varðandi þá sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldhúsi og baðherbergi er sú að þeir skulu ekki njóta húsaleigubóta, enda teljist slíkt fyrirkomulag ekki til „íbúðarhúsnæðis“. Árið 2001 var réttur til húsaleigubóta hins vegar rýmkaður hvað varðar námsmenn á framhalds- og háskólastigi. Sú breyting var gerð að þeir námsmenn sem leigðu á heimavist eða á námsgörðum skyldu njóta réttar til húsaleigubóta þó svo að þeir deildu aðgangi að eldhúsi og baði. Rétt var talið að telja slíka aðstöðu námsmanna til íbúðarhúsnæðis, enda kölluðu félagslegar aðstæður námsmanna á slíkt fyrirkomulag.

Breytingin var einskorðuð við þá sem bjuggu á heimavist eða á námsgörðum. Í ljósi þess að ekki er nægilegt framboð af heimavist eða námsgörðum um þessar mundir, og fjölmargir námsmenn geta því ekki nýtt sér slíkt búsetuúrræði, er hér lagt til að sú takmörkun verði felld brott. Vel má hugsa sér, þótt slíkt sé ekki lagt til í frumvarpinu, að sú breyting verði tíma-bundin, enda líkur á að ráðist verði í byggingu námsgarða í framtíðinni.

Vart þarf að taka fram að nauðsynlegt er að hafa ríkt samráð við fulltrúa sveitarfélaga varðandi breytingu af þessu tagi. Áætla þarf kostnaðaraukann sem af þessu hlýst og leita leiða til þess að mæta honum. Hugtakið „kostnaðarauki“ er þó vandmeðfarið í þessu tilliti. Líklegt er að ef námsgarðar væru fyrir hendi eins og eðlilegt væri mundu húsaleigubætur greiðast flestum þeim námsmönnum sem hér um ræðir.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að fyrirhugaðar eru breytingar á heildarfyrirkomulagi búsetustyrkja. Líklegt er að húsaleigubætur sem slíkar verði aflagðar. Í nýju fyrirkomulagi verður þó eftir sem áður mikilvægt að taka á þeim vanda námsmanna sem hér er vakin athygli á og lagt til að verði leystur með framangreindu móti.